

Höfundur:
Þóra Sigurborg
Guðmannsdóttir
4. apríl 2019

Vellíðan og öryggi í leikskólastarfi

Handbók fyrir leiðbeinendur

„Ég vissi ekkert þegar ég byrjaði, hefði verið gott að vita hvernig allt gengur fyrir sig...“

Það getur verið áskorun fyrir marga að hefja störf í leikskóla. Fagfólk vinnur með hliðsjón af fræðilegri þekkingu sem ófaglært starfsfólk hefur ekki stuðning af. Vinna með börnum er mjög gefandi og skemmtileg en á sama tíma getur hún verið krefjandi og erfið.

Innihald handbókarinnar

Handbókin er sett upp á einfaldan og skiljanlegan hátt og inniheldur upplýsingar um hvað felst meðal annars í daglegu starfi leikskóla og kafla um leikinn sem er studdur með fræðum. Inntak handbókarinnar er meðal annars byggt á niðurstöðum viðtala um það sem leiðbeinendum í leikskólum fannst vanta í fræðslu þegar þeir hófu störf í leikskóla og hvernig þeir vildu hafa bókina uppsetta til að þeir hefðu áhuga á að lesa hana.

Það er mikilvægt að fagaðili styðji við handbókina og fræðin með umræðum við starfsmanninn um það sem var lesið og svo unnið með það inn á deild. Þetta gæti verið faglærður deildarstjóri eða leikskólakennari sem vinnur á deildinni. Starfsmaðurinn fær þá bæði að lesa fræðin t.d. um leik barna og fær einnig reynsluna í vinnunni með börnunum með fagaðila sér við hlið.



Mynd 1. Útileiksvæði barna í Brighton (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2017).

Efnisyfirlit

Innihald handbókarinnar	2
Réttindi barna	4
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og lög um leikskóla	4
Áhrif laga og sáttmála á starfið í leikskólanum	5
Aðalnámskrá leikskóla 2011	5
Skóli án aðgreiningar	6
Fjölmenningarlegt skólastarf	7
Fjölmenningarlegt kennslurými	7
Lýðræði í leikskólastarfi	8
Vellíðan, vinátta og að tilheyra hópi	9
Að læra og leika sér	10
Leikurinn	10
Frjáls leikur	10
Kennslufræðilegur leikur	11
Málörvun í leikskóla	13
Sköpun í leikskólastarfi	14
Börn eru alltaf að skapa bæði í leik og starfi	14
Hlutverk kennarans í skapandi starfi	15
Skráningar	16
Námssöguskráning	17
Fagmennska kennara	20
Umhyggja og virðing	21
Heimildaskrá	22
Myndaskrá	25

Barnasáttmáli

Sameinuðu

Þjóðanna markaði

tímamót varðandi

réttindi barna



*Mynd 2. Heimurinn minn
(Ljósmyndari Þóra S.
Guðmannsdóttir, 2018).*

Á Íslandi eru ýmis lög, reglugerðir og námskrár sem snerta málefni barna og eru sett í þeim tilgangi að tryggja velferð þeirra, öryggi og réttindi í samfélaginu.

Réttindi barna

Mikil ábyrgð á starfsfólki skóla að búa börnum öryggi og að stuðla að vellíðan þeirra. Við búum í lýðræðissamfélagi og börn eiga að hafa tækifæri til þess að vera virkir þátttakendur í daglegu skólastarfi. Í leikskólanum á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði barna ásamt því að hvetja þau til að tjá eigin skoðanir og taka tillit til annarra.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og lög um leikskóla

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna markaði tímamót í baráttunni fyrir réttindum barna, þar sem sáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Hann fjallar um aukin réttindi barna til að hafa áhrif í eigin lífi en að þau þurfi jafnframt meiri vernd en fullorðnir. Öll atriði barnasáttmálans eru mikilvæg en það sem stendur upp úr er bann um mismunun á börnum á nokkurn hátt t.d. vegna litarháttar, trúar og tungumáls. Einnig á í öllum ákvörðunum að miða að því að gera það sem er barninu fyrir bestu og á það einnig við um ákvarðanir yfirvalda í málum er þau varða. Börn eiga rétt á því að láta skoðanir sínar í ljós og að á þau sé hlustað í samræmi við aldur þeirra og þroska. Stjórnvöld, foreldrar, skólar og allir aðrir sem vinna með börnum eiga að gera allt sem þau geta til þess að framfylgja samningnum.

„Mér var sagt að lesa
Aðalnámskrá
leikskóla, mér fannst
hún of flókin og of
mikið fræðilegt efni“.

Áhrif laga og sáttmála á starfið í leikskólanum

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að í öllu leikskólastarfi þurfi að gæta að því að börn njóti umhyggju, velferðar og að hag þeirra sé fylgt eftir í öllu starfi. Það sem á að skipta mestu máli í leikskólum er að umhverfi barnanna sé gott og hvetjandi til að læra og leika sér. Leikskólinn á að leggja áherslu á að nám þeirra fari fram í leik og skapandi starfi. Þetta er skýrt betur í köflunum um leik barna og nám og vellíðan barna.



Mynd 3. Moltan við leikskóla (Ljósm. Ókunnur).

Aðalnámskrá leikskóla 2011

Aðalnámskrá leikskóla 2011 er leiðarvísir um þá grunnþætti menntunar sem leikskólastarfið byggir á. Með grunnþáttum menntunar er til dæmis átt við sjálfbærni, sem er til staðar þegar barn lærir að vera virkur borgari sem er meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart náttúru og umhverfi, jafnræði, mannréttindum og réttlæti og læri að þekkja lýðræði (sem er útskýrt betur í kaflanum um lýðræði). Til dæmis má hafa moltu (mynd 3) í leikskólanum og stuðla að því að börn læri hvað á sér stað þegar hráefnin eru sett í hana og með þeirri vinnu geta öll börn tekið þátt. Börn skulu læra að taka tillit til annarra, kunna að vera félagi annarra barna og að vera skapandi eins og mynd 4 sýnir. Allt þetta fléttast inn í starfið á leikskólanum. Aðalnámskráin veitir kennurum og foreldrum barna upplýsingar um hvernig menntun barna eigi að vera.



Mynd 4. Ljón, teiknað af 6 ára barni (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2017).

**Skóli án
aðgreiningar er
menntastefna sem
byggir á mann-
réttindum og á að
ná til allra nemenda**

Skóli án aðgreiningar

Í leikskólalastarfinu þarf að hafa í huga að öll börn hafa jafnan rétt, óháð uppruna og getu. Skóli án aðgreiningar er hugmyndafræði sem felst í því að viðurkenna að börn eru ólík og að þau hafa öll getu til að læra en gera það á mismunandi hátt. Því þarf að taka mið af getu og þörfum hvers barns og ákveða kennsluaðferðir út frá einstaklingnum en ekki bara hópnum. Til dæmis þarf að komast að því hver áhugi barnsins er, hvaða hæfileika það hefur og hverjar þarfir þess eru.

Þetta þýðir að með því að vinna út frá áhuga barnsins næst meiri árangur. Það er mikið sem hægt er að fræðast um börnin þegar verið er nálægt þeim í leik og fylgst er með þeim. Það gefur þér sem starfsmanni tækifæri til að kynnst þeim betur sem einstaklingum og þú getur séð styrkleika þeirra og metið út frá þeim hvernig best er að bæta við þekkingu hvers og eins. Þú þarft að reyna að vinna með börnum án fordóma og mæta þeim öllum jafnt.



Mynd 5. Tvö börn af erlendum uppruna að teikna saman (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).

**Börn innflytjenda
koma inn í
leikskóla með
reynslu af eigin
tungumáli**



Mynd 6. Góðan daginn og Velkomin á 8 tungumálum þegar gengið er inn á deild (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).

Á síðustu tíu árum (2007-2017) hefur erlendum börnum á leikskólaaldri á Íslandi fjölgað til muna eða frá því að börn með erlent tungumál voru 1% barna á öllu landinu upp í 12 % barna.

Fjölmenningarlegt skólastarf

Þegar talað er um fjölmenningarlegt skólastarf er átt við að ólíkt fólk með mismunandi menningu, sem felst t.d. menntun, hefðum, siðum, tungumáli, trúarbrögðum, uppruna og þjóðerni, starfar saman á jafnréttisgrundvelli.

Börn af erlendum uppruna koma inn í leikskólann með sitt tungumál sem grunn. Það er því hægt að vinna með menningu og tungumál barnsins samhliða íslenskunni. Þannig fær barnið viðurkenningu á menningu sinni og tungumáli. Mikilvægt er að kynna sér hvaðan börnin koma og að vinna náið með foreldrum því að foreldrar geta frætt okkur og þeir finna þá einnig til aukins öryggis í nýju landi.

Fjölmenningarlegt kennslurými

Með því að gera kennslurýmið fjölmenningarlegt hjálpum við börnum með tvö eða fleiri tungumál að aðlagast nýjum aðstæðum og nýju tungumáli. Mynd 6 er gott dæmi um hvernig hægt er að bjóða alla velkomna og góðan daginn á tungumálum deildarinnar.

Deildin gerð fjölmenningarleg og börnin taka þátt:

Hægt er að gera deildina okkar að stað þar sem öll tungumál eru velkomin, uppgötvuð, virt, töluð og viðurkennd. Það er hægt að styðja við fjölmenningarlegt starf inn á deild á ýmsan hátt:

- Börn ásamt foreldrum sínum gefa kennaranum upplýsingar um sitt tungumál, hvernig tölur, mánuðir, dagar og hlutir eru sagðir og skrifaðir.
- Foreldrum boðið að koma og lesa á sínu tungumáli fyrir börnin.
- Foreldrar gefa upplýsingar um hátíðir sem einkenna þeirra menningu, blóm og dýr í landinu sem þau komu frá. Einnig er gaman að fá að heyra tónlist frá þeirra landi.
- Íslenskan er líka í hávegum höfð og íslensku börnin geta tekið þátt í skoða sína menningu, blóm og dýr.

Börnin læra að þau geti verið stolt af sínum uppruna, læra að skilja og samþykkja það að við erum ekki öll eins. Börnin fá að nota sitt tungumál og kynna það fyrir jafnöldrum sínum og öðlast því meira öryggi til að takast á við nýja tungumálið og það finnur að öll tungumál skipta máli. Í heildina græða öll börn á þessu.

Lýðræði felst m.a. í að hlusta á börn og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif



Mynd 7. Börn að kanna ólíka hluti (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2016).

Börn læra lýðræðisleg vinnubrögð með því að fá að taka þátt í ákvörðunum sem tengist þeim sjálfum.

Lýðræði í leikskólastarfi

Með því að gefa börnum tækifæri til að láta í ljós skoðanir sínar og langanir kynnist þú börnum betur og getur því komið betur til móts við þarfir þeirra.

Á leikskólaárunum erum við að leggja grunninn að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í starfi. Því þarf jafnrétti, umburðarlyndi og umhyggja að einkenna allt það starf sem er unnið í leikskólum.

Hluti af lýðræðislegu þjóðfélagi er að kunna að fara eftir reglum þjóðfélagsins og því þurfa börn að læra að fara eftir fyrirmælum, að kunna að virða hvort annað og taka tillit til hvors annars.

Til þess að þau geti lært þetta þarf skipulag leikskólans að gera þeim það kleift og er það m.a. hægt með því að leyfa börnum að velja sjálf það leikefni sem er í boði, og leikfélaga og allur efniviður hafður í þeirra hæð og því aðgengilegur fyrir þau.

Dæmi um hvað er lýðræði í leikskólastarfi:

Gott er að hafa nokkrar reglur á deildinni sem börnin fara eftir og best væri að leyfa þeim að taka þátt í að búa þær til. Þá eru þau aðilar af ákvörðuninni og taka þá aukna ábyrgð á að fylgja reglunum eftir. T.d. má setja reglur um hvernig við förum með bækur.

Börn fá að ráða hvort þau hlusti á sögur eða fari í útiveru fyrir eða eftir hádegi. Þau geta fundið sér sjálf verkefni og þurfa því ekki að bíða eftir því að starfsmaður afhendi þeim verkefni.

Allur efniviður barna sé hafður í þeirra hæð þannig geta börnin nálgast sjálf þann efnivið sem þau vilja leika með. Þau fái að velja hvaða efnivið þau vilja leika með og við hvern þau leika sér án þess þó að skilja einhvern útundan.

Þannig er þátttaka barna aukin og með því að þú hlustar á sjónarmið þeirra gefur það þeim tækifæri til að hafa áhrif á leikskólasamfélagið.

Lýðræði er einnig:

Vellíðan, vinátta og að tilheyra hópi

Það er mikilvægt fyrir alla að eiga vini og að tilheyra hópi og þá er sama hvort um er að ræða börn eða fullorðna

Vellíðan, vinátta og að tilheyra hópi

Í leikskólanum læra börn að bæta félagsfærni sína með því að vera studd í að taka tillit til annarra og koma vel fram við vini sína, jafnframt því að sýna hvert öðru væntumþykju. Þetta allt leiðbeinir þú þeim með í gegnum daginn í leikskólanum.



Mynd 8. Börn að leik í einingakubbum (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2016).

Miklu skiptir að þú sýnir börnum virðingu, takir skoðanir þeirra og viðhorf alvarlega og veitir þeim athygli þegar þau láta í ljós skoðanir sínar og sýna áhuga á einhverju því að það eykur vellíðan þeirra.

Til þess að barnið geti upplifað jákvæða sjálfsmynd þarf því að líða vel með sig sjálft, hafa trú á eigin getu og það þarf að fá að taka þátt í mismunandi verkefnum. Virk þátttaka barna í leikskólasterfinu eykur einnig vellíðan þeirra og byggist sú þátttaka á að þeim séu gefin tækifæri til að taka ákvarðanir sem tengist þeirra lífi á einhvern hátt.

Þegar börnum líður vel, sýnd umhyggja, finna að það hlustað sé á þau, fá það rými sem þau þurfa til að leika sér, fá nægan og fjölbreyttan efnivið og frelsi til að velja bæði leikfélaga og leikefni – þá líður þeim vel. Þannig læra þau að sýna frumkvæði í leik, una sér betur og geta gleymt stað og stund. Mynd 8 sýnir börn sem gleyma stað og stund og skemmta sér vel saman.

Dæmi úr samverustund

Kennarinn ætlar að lesa og það eru tvær bækur sem koma til greina. Öll börnin fá einn kubb sem notaður er til að greiða atkvæði. Börnin setja kubb á þá bók sem þau velja og svo er þeim kubbað saman í turn og athugað hvor turninn er hærri. Sú bók með hærri turninn verður valin.

Með þessu er lýðræðisleg kosning gerð sýnileg.

**Leikur ýtir undir
alhliða þroska
barna**



Mynd 9. Börn að leik í „holukubbum“ (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).

Leikur er börnum eðlislægur og gott er að flétta saman leik og námi því að börn sækja í hann. Væri því hægt að segja að nafnið leikskóli komi af þessu tvennu leikur og skóli.

Að læra og leika sér

Það er gaman að kenna í gegnum leik

Börn læra margt þegar þau eru að leika sér. Leikur eflir bæði líkamlegan og andlegan þroska barna. Þau læra félagsleg samskipti á jákvæðan hátt, þau nota hlutverkaleik til að prófa sig áfram í hlutverki hinna fullorðnu og tengja við sinn raunveruleika. Leikurinn veitir fjölbreytta reynslu eins og það að barnið þarf að notast við tungumálið, hreyfingu, samskipti og tilfinninga-tengsl. Mynd 9 sýnir börn sem hafa byggt hús og notað til þess eigið hugmyndaflug. Þau eru í hlutverkaleik og ein stelpa lítur inn um glugga á húsinu.

Í leik geta börn gert tilraunir með eigin hugmyndir, öðlast nýjan skilning og bætt við sig þekkingu og geta á þann hátt verið skapandi í því ferli. Leikurinn ýtir undir hæfni þeirra og auðgar ímyndunaraflið. Þess vegna skiptir miklu máli að börn fái að læra í gegnum leik en ekki með „hefðbundnum“ hætti við borð.

Leikurinn

Frjáls leikur

Þegar börn eru í frjálsum leik leika þau sér á sínum forsendum. Það er ekki ákveðið fyrir barnið hvað það á að gera og starfsmaður er ekki að skipta sér af leiknum. En það er mikilvægt að þú sért til staðar fyrir börnin, nálægt börnum í leik og tilbúin(n) að grípa inn í ef þess gerist þörf. Ekki hafa öll börn sömu félagsfærni og sum börn þurfa meiri aðstoð en önnur og jafnvel hjálp við að komast inn í leikinn. Þetta er hægt að gera án þess að hafa bein áhrif á leik þeirra.

Flæði í leik

Þegar barnið gleymir stund og stað í leik eða öðru starfi og fer í svokallað flæðiástand þá er talað um flæði í leik eða starfi. Þá er barnið í leik af áhuga en hugsar ekki um útkomuna úr því sem það er að gera. Flæði er hugarástand í þessu samhengi en ekki flæði á milli svæða eins og stundum er talað um.

Þegar börn hafa gaman af því sem þau eru að gera og einbeita sér að lausn viðfangsefnis síns í leik eða vilja vita meira um það þá er leikurinn áhrifarík leið til náms. Því má segja að leikur og nám eigi að fara fram út frá áhuga og löngun barna og þannig afla þau sér þekkingar um leið og þau leika sér.

***Flest börn læra
hvernig á að leika
sér með stuðningi
frá jafnöldrum
sínnum og
fullorðnum***



Mynd 10. Börn læra hvert af öðru og hjálpast að (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).



Mynd 11. Börn að leik í einingakubbum. (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2016).

Kennslufræðilegur leikur

Kennslufræðilegur leikur á sér stað þegar leik og kennslufræðilegum markmiðum er blandað saman við leikinn, það er þegar þú ert með eitthvað ákveðið markmið í huga sem þú ætlar að nota til að bæta við þekkingu barna og færni.

Mikilvægt er að þú vinnir út frá áhuga barna en þá þarf að skoða hvað það er sem vekur áhuga þeirra dagsdaglega. Til þess að gera það þarf að gefa sér tíma til að vera hjá börnum í leik og fylgjast vel með leik þeirra. Einnig er gott að vekja áhuga barna á einhverju öðru svo það festist ekki alltaf í því sama.

1. dæmi

Markmiðið er að skoða samskipti barna. Fylgst er með leik barna og gripið inn í ef barn eða börn lenda í vandræðum með samskipti. Það er samt alltaf gott að athuga fyrst hvort þau ná að leysa úr vandanum sjálf því að þau læra líka af því.

2. dæmi

Markmiðið er að bæta við orðaforða. Þú fylgist með leiknum og þegar tækifæri gefst spyrðu opinna spurninga. Til dæmis eru börn í leiknum að keyra í gegnum gat á fjalli. Þú gætir þá spurt. „Hvað er þetta?“. Þau segja: „þetta er gat fyrir bílana til að keyra í gegn“. Þú segir þá: „já eru þið að byggja göng fyrir bílana til að komast í gegnum fjallið? Flott „göng“. Þarna leggur þú áherslu á orðið „göng“. Mikilvægt er að þau útskýri fyrst hvað þau eru að gera svo þú dragir ekki rangar ályktanir af því út frá þínum hugmyndum. Einnig gefur það þér upplýsingar um hvaða orð þau að nota og um leið tækifæri til að bæta við þekkingu þeirra.

3. dæmi

Markmiðið er að aðstoða barn að komast inn í leik barna. Þú fylgist með barninu og athugar hvernig það reynir að komast inn í leikinn. Börn nota yfirleitt orð eins og „má ég vera með“. Þau geta einnig „hringsólað“ í kringum leikinn. Þá eru þau að skoða og athuga hvenær þau geta komist inn í hann eða standa hjá, fylgjast með og grípa tækifærið þegar það gefst. Þegar barn fer inn í leik annarra barna óboðið er mjög líklegt að það fái ekki að vera með. Því er mikilvægt að leiðbeina barninu sem á erfitt með að komast inn í leik t.d. með því að kenna barninu að spyrja hvort það megi vera með.

***Mikilvægt er í
kennslufræðilegum
leik að börnin stjórni
leiknum***

Nokkur börn að leika sér í hlutverkaleik og ég fæ að vera með.

Saga úr starfi

Einu sinni spurði ég hvort ég mætti vera með í leik. Börnin voru í hlutverkaleik, og léku mömmu, pabba, litla barnið og svo var kisa. Ég fékk að leika kisan. Mér var gefin mjólk að drekka og sagði: „Nú er kisan að lepja mjólkina. Vitið þið hvað það þýðir að lepja?“

Þarna var ég að trufla leikinn. Betra hefði verið að segja: „Nammi, namm, kisan er að lepja mjólkina“. Síðan hefði ég átt að reka út úr mér tunguna og gera það myndrænt. Í staðinn notaði ég of mörg orð og truflaði leikinn.

Börn eru fljót að hugsa og hugsa í lausnum og því sagði ein stelpa í hópnum: „Núna ertu litla barnið“. Þetta fannst mér mjög skemmtilegt svar. Þarna var truflunin leyst á skjótan en mjög kurteislegan hátt. Þetta kenndi mér að við lærum á mistökum og getum því reynt að gera betur næst.

Gott að gera mistök ef við lærum af þeim. Ef þú stjórnar leiknum of mikið hætta börnin að líta á það sem leik.

Miklu skiptir að byggja upp traust og vináttu barna og með þolinmæði er hægt að komast inn og út úr leik þeirra og aðstoða þau börn sem þurfa á aðstoð að halda án þess að trufla leikinn mikið.




Mynd 12. Börn í hlutverkaleik (Ljósmynd af Þóra S. Guðmannsdóttir, 2016).

Orðaforði barna eykst mjög mikið á aldrinum 4-6 ára og því er mikilvægt að vinna að því að auka orðaforða barna í leikskólanum



Mynd 13. Bækur í hæð barna (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2017).



Mynd 14. Teikning eftir 5 ára barn að æfa sig í að skrifa tölustafina (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2017).

Það er góð málörvun og eykur orðaforða barna að tala við þau og setja orð á alla hluti í daglegu starfi eins og í fataklefanum og á deildinni.

Málörvun í leikskóla

Mjög mikilvægt er að börn auki við sig orðaforða því að það hefur áhrif á margt í þeirra lífi. Þau þurfa að getað talað og haft samskipti við vini sína og getur málörvun því skipt miklu máli fyrir félagsleg tengsl.

Til þess að börn auki orðaforða sinn þurfa þau að æfa sig í að tala og þau þurfa að vita að það sé hlustað á þau. Börn þjálfast í að tala og hlusta á aðra með því að vera þátttakendur í samtali bæði við börn og fullorðna.

Mikilvægt er að hafa allt sem hvetur til lestrar í þeirra hæð svo þau geti alltaf nálgast það, t.d. bækur, liti, blöð og fleira sbr. mynd 13. Einnig er hægt að hvetja til læsis í leik, t.d. með því að leyfa börnum að skrifa miða og merkja (sbr. mynd 14) þegar þau eru í t.d. einingakubbum.

Dæmi:

Ef þau segja til dæmis að þau séu að láta vatnið renna í gegnum og það eru krókódílar í vatninu, getur þú sagt: „Já eruð þið að búa til fljót sem rennur hér í gegn?“ Þarna ert þú að kenna þeim orð fyrir „vatnið“ sem er „fljót“.

Börn læra betur ef þú leiðréttir þau óbeint. Til dæmis ef barn segir: „Ég hlaupti til pabba“ og þá getur þú sagt: „Já, þú hljópst til pabba“.

Þú þarft að vera vakandi fyrir því hvort börn skilja og þú þarft að endurtaka, umorða og útskýra betur ef þau skilja ekki nægilega vel. Gott er að nota myndrænan stuðning til að kenna orð og hugtök og styðja við samfellt mál. Til dæmis væri hægt að segja sögur með myndum á loðtöflu.

Efla má orðaforða í gegnum skipulagðar stundir þar sem unnið er með ákveðin verkefni. Í samverustundum er hægt að lesa, syngja og fara með þulur, tala saman, klappa atkvæði í orðum og fara í leiki og svo framvegis.

„Sköpun er að uppgötva,
njóta, örva forvitni og
áhuga, virkja
ímyndunarafl og leika
sér með möguleika“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls.
22)



*Mynd 15. Kúlulistaverk eftir barn
(Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir,
2019).*



*Mynd 16. Listaverk eftir barn
(Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir,
2019).*

Mikilvægt er að hvetja börn til að kanna, skoða og finna sjálf lausnina á því sem þau eru að vinna að og vinna út frá áhuga þeirra því að þá fær sköpunargleðin að njóta sín.

Sköpun í leikskólastarfi

Börn eru alltaf að skapa bæði í leik og starfi

Þegar börn leika sér, byggja úr kubbum eða teikna eru þau að skapa. Þau nota spuna í leik, sem er listsköpun, þau byggja allt sem þeim dettur í hug og oft án aðstoðar. Börn eru mjög lausnamiðuð í eðli sínu, kanna og uppgötva og eru óhrædd við að gera mistök því þau vita ekki enn hvað það er og til að geta verið skapandi þarf barnið að vera óhrætt við að gera mistök.

Það er góð leið að leyfa börnum að skoða, uppgötva og finna sjálf lausnina því að þannig læra þau best.

Í nútímapjöldfélagi erum við alltaf að flýta okkur og gefum okkur ekki tíma til að leyfa börnum að vera skapandi. Þau verkefni, sem þau vinna, eru oft fyrir fram ákveðin af kennaranum og öll eins. Börnin fá oft ekki að skapa sína útgáfu af verkefninu.

Á mynd 15 setur barnið dropa af þeim litum sem það velur sjálft á blaðið og rennir kúlum yfir málninguna. Gott er að setja blaðið í opinn kassa svo kúlurnar renni ekki út um allt og barnið getur betur stjórnað kúlunum.

Best væri að þau hefðu aðgang að þeim efniviði, sem þau velja úr, og vinna síðan sína mynd eða sitt verkefni úr þeim efniviði. Með því ýtum við undir sköpun sem fær að verða til út frá hugmyndum barnanna. Það getur verið gaman að sjá hvernig þau sjá og upplifa það verkefni sem kennarinn setur fyrir, hvort sem það er sjálfsmýnd eða úrvinnsla úr útinámi.

Mikilvægasta hlið sköpunargáfunnar er að framkalla spurningar og leita svara við þeim. Því er kennslufræðilegur leikur, eins og fjallað er um í kaflanum um leikinn, góð leið til að ýta undir sköpun.

Börn læra mikið af hvert öðru og þau uppgötva margt með því að fá að prófa sig áfram með félögum sínum.

Börn þurfa rými og tíma til að kanna, uppgötva og komast sjálf að niðurstöðu



Mynd 15. Barn með sitt listaverk úr kubbum (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).



Mynd 14. Barn að mála sitt listaverk og fær frelsi til þess (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).

Gott er að temja sér að hlusta vel á börnin og finna út úr því á hverju þau hafa áhuga og vinna út frá honum.

Hlutverk kennarans í skapandi starfi

Það er mikilvægt að þú gefir börnum rými til að komast sjálf að niðurstöðu til að auka getu þeirra til sköpunar. Það þýðir að börnin ræða saman og komast sjálf að niðurstöðu. Þú fylgist vel með framvindunni og spyrð þau opinna spurninga ef þau eru í vanda og leiðir þau áfram. Sem dæmi getur þú sagt: „Hvað ef þið gerið þetta – hvað gerist þá?“ Með því gefurðu þeim rými til að auka við sig þekkingu.

Þegar þú hlustar vel á það sem börnin segja og reynir að skilja það sem þau vilja gera eru meiri líkur á að þú getir veitt þeim það rými sem þau þurfa til að vera skapandi.

Dæmi

Þú getur verið með skipulagt verkefni sem börnin eiga að vinna og þau fá allt það sem þau þurfa til að gera verkefnið en þú segir þeim ekki hvernig þau eiga að vinna það. Með því fá þau að finna lausnina þar sem þú ert til staðar fyrir þau ef þau þurfa á þér að halda.

Þegar þú hlustar vel á börn og finnur verkefni sem byggjast á áhuga þeirra, hvetur þau til að skapa út frá sínum hugmyndum, leyfir þeim að finna sjálf lausn á verkefninu þá bætirðu við þekkingu þeirra. Þá sýnir þú fagmennsku í starfi og þú verður góð fyrirmynd, bæði fyrir börnin og þá sem þú vinnur með.

Þegar þú veitir börnum rými til að leika sér og að börn geta valið sér sjálf þann sem þau vilja leika við, ýtir þú undir sköpun, leikgleði og hvernig þau lifa sig inn í leikinn. Börn læra mikið af hvert öðru og þau uppgötva margt með því að fá að prófa sig áfram með félögum sínum.

Til að gera sköpun barna sýnilega er hægt að gera skráningar á verkefnum þeirra með því að taka myndir og skrá ferlið eða með myndbandstöku. Þú sýnir börnunum og foreldrum skráninguna og þá ertu að sýna börnunum að sköpun þeirra sé þess virði að sýna öðrum og styrkir því sköpunargetu þeirra.

**Ófaglærðir leið-
beinendur, sem læra
að gera skráningar,
fá tækifæri til að
kynnast börnunum
betur og munu eiga
auðveldara með að
gera vinnuna með
þeim markvissari**



*Mynd 16. Einingakubbar (Ljósm.
Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).*

Skráningar eru góð leið til að gera starfið í leikskólanum sýnilegt, komast að því hvað börn vita og geta, hvaða áhuga þau hafa. Einnig sýna skráningar hverjar framfarir þeirra eru, hvaða möguleikum er stungið upp á til að bæta við þekkingu þeirra og hvar þarf að styðja betur við barnið.

Skráningar

Skráning er mat á námi barna og er mikilvæg m.a. vegna þess að nám barna fer að mestu leyti fram í gegnum leik. Skráningar gera nám þeirra sýnilegt, kennarinn kynnist hverju og einu barni mun betur og getur því gert námskrá sem hentar hverju barni. Með skráningum gerir þú námsferli barna sýnilegt fyrir þeim sjálfum og öðrum sem jafnframt getur verið mat á námsferli þeirra.

Skráningar eru gerðar til að skrá styrkleika, getu, kunnáttu og áhuga barna sem má nýta til að þróa skólastarfið áfram og einnig til að gera vinnu þeirra sýnilega. Þegar þú skrifar niður ertu um leið að fylgjast með ákveðnu ferli og veitir því sérstakri eftirtekt. Þegar þú skoðar og ræðir við börn og samstarfsfólk um skráningarnar gefst þér tækifæri til að endurskoða eigin viðhorf til barna og náms og með því þróar þú fagmennsku þína í starfi.

Leiðir til skráninga

Ýmsar leiðir eru til að skrá mat á framförum og námi barna. Til dæmis má taka myndir og skrifa niður hvað þau segja og gera, taka upp myndband af þeim, horfa svo á myndbandið eftir á og skrifa hvað þau sögðu og gerðu á myndbandinu.

Með skráningum getur þú t.d. metið félagslega þætti eins og samskipti, vináttu og hæfni barnanna til að geta sett sig í spor annarra; einnig hvernig börnum líður og hvernig þau takast á við áskoranir.

Þegar þú gerir skráningar kynnist þú börnunum betur og átt auðveldara með að vinna út frá styrkleikum, áhuga og hugmyndum þeirra. Þá áttu eftir að skilja betur þeirra sjónarmið.

Skráningarnar eru ýmist prentaðar út og geymdar í ferilmöppu barnsins sem er höfð inn á deildinni eða þær geymdar í rafrænu formi. Börnin geta fengið að skoða hver sína möppu. Með því að sýna börnum skráninguna og leyfa þeim að segja þér hvað er að gerast gefur það þér enn skýrari mynd af hugmyndum þeirra og upplifunum. Einnig gefur það svigrúm til umræðna og opinna spurninga sem getur bætt orðaforða þeirra.

**Námssöguskráning
er skemmtileg leið
til að kynnst
börnum betur og til
að sjá hvað þau
geta og kunna og
hvernig þau læra
hvert af öðru ...**



Mynd 20. Barn að prófa getu sína í að klifra (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2017).

Í skráningum námssagna eru fjögur atriði sem fara fram í ferlinu: að skrá og lýsa, ígrunda og ræða, greina og miðla og loks áætla og nýta.

Námssöguskráning

Námssöguskráning er aðferð sem felur í sér einskonar örsögur, annað hvort af barni eða börnum í þeirra daglega starfi. Þú skráir örsögur um nám barns eða barna yfir ákveðið tímabil og oft eru teknar myndir af þeim eða myndir af verkum þeirra og skrifað niður hvað börnin segja. Mynd 20 sýnir hvernig barn fer að því að klifra upp og niður úr tré. Þetta er lítið dæmi um skráningu á styrkleika barns. Þú getur t.d. skráð niður félagsleg samskipti, sagt frá við hvað barnið er að fást og fleira sem þú telur áhugavert að skoða nánar í tjáningu þess.

Oft eru námssögur nýttar til að meta hvort markmiðum í skólanámskrá er náð.

Ferli námssöguskráninga í stuttu máli

Skrifa og lýsa því sem er að gerast og hvaða áskoranir eru t.d. í samskiptum og skrifar niður hvernig þær eru er í daglegu starfi. Ef þú ert með myndir skrifarðu hvað á sér stað við myndirnar, en ef þú ert með myndband skrifarðu niður hvað er sagt og hvað er að gerast. **Ígrunda og ræða** felur í sér að þú skoðar betur hvað er að gerast, kafar dýpra inn í það og getur rætt það við samstarfsmenn og börnin sjálf til að fá annað álit og athuga hvort eitthvað bætist við skráninguna.

Greina og miðla felur í sér að þú talar við barnið til að fá skoðun þess. Þú greinir með því að athuga hvernig það tjáir sig, lærir og hvernig það tekur ábyrgð.

Áætla og nýta: Þú vinnur úr niðurstöðum matsins og tekur ákvarðanir út frá þeim með það að leiðarljósi að þær nýtist börnunum. Þú skrifar niður hvað kom út úr því sem þú skoðaðir og hvernig þú aðstoðaðir barnið / börnin. Þú getur einnig skrifað niður hverjir voru styrkleikarnir hjá hverju og einu barni. Þú getur einnig notað niðurstöðurnar til að endurmeta skólastarfið út frá sjónarmiðum barna í samráði við deildarstjórn þinn.

***Að mistakast er
mikilvægur hluti af
sköpunarferlinu...***

Ljósmyndaskráning. Námssaga þriggja barna í einingakubbum. Börnin eru á aldrinum eins árs og tíu mánaða til rúmlega tveggja ára.

Dæmi um námssöguskráningu

Hrefna horfir og fylgist vel með hvað Jóna er að gera og á meðan nær Keli í fleiri kubba.



Hrefna reisir úr sínum kubbum byggingu og Keli hugar að sinni byggingu.



Keli setur kubbin ofan á turninn sinn og hann dettur. Þarna er hann að prófa þyngdaraflið og jafnvægi hluta. Kubburinn dettur niður. Í stað þess að gefast upp prófar hann aftur og í annað skiptið tekst honum að láta hann tolla. Stelpurnar fylgjast vel með. Jóna slær í bygginguna þannig að hún dettur og hlær og segir „gemma“ og Keli hlær líka. Þetta gerðu þau aftur og aftur. Hrefna fylgist vel með.

Myndirnar á þessari síðu og næstu voru teknar af höfundum handbókarinnar Þóru S. Guðmannsdóttur, 2016 og eru birtar með leyfi foreldra.

Börn prófa aftur ef eitthvað fer úrskaiðis og finna lausn



Jóna missir smá áhuga á kubbunum og á meðan prófar Hrefna það sem hin börnin gerðu áður og Keli gerir eins.



Keli og Jóna athuga hvort kubburinn tolli á þessum. Þau komast að því að svo er ekki og prófa að taka einn í burtu og þá tollir hann.

Hér sérðu hvað börn eru fljót að læra og hve úrræðagóð þau eru.

Hrefna byggir turn og fylgist með hinum börnunum.

Þessi námssaga sýnir þér hvað börnum finnst auðvelt að vera skapandi. Það er ekki til í þeirra huga að gera mistök. Mistök eru hluti af ferlinu í sköpun. Til dæmis þegar kubburinn datt og í næstu tilraun tókst honum að láta hann tolla. Þetta sýnir að það er mikilvægt að gefa börnum tækifæri á að prófa sig áfram án þess að grípa inn í ferlið og leyfa þeim að uppgötva það sjálf.

Í öllu ferlinu fylgist Hrefna vel með og bæði gerir sína útfærslu af byggingu úr einingakubbunum og hermir eftir hinum börnunum. Hún er yngst í hópnum og hefur því ekki alveg sama úthaldið í leiknum.

Börnin sýna góða samvinnu og hjálpuðu hvort öðru að byggja og héldu við kubb til að hann myndi ekki detta.

***Þegar kennari
hefur öðlast meiri
þekkingu á sjálfum
sér og fagleg
þekking eykst þá
hefur hann meiri
trú á eigin getu og
verður sjálfs-
öruggari í starfi.***



Mynd 18. Kennari beygir sig í hæð barnins (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2015).

Gæði leikskóla byggjast á hæfu og vel menntuðu starfsfólki. Til þess að tryggja gæði leikskóla þarf því að þróa hæfni starfsfólks og sjá til þess að það fái fræðslu um starfið. Síðast en ekki síst skal velferð barna ætíð höfð að leiðarljósi.

Fagmennska kennara

Það að vera fagmaður í leikskólastarfi felur í sér að hafa víðtæka þekkingu á starfinu, góða starfshæfni og geta sýnt ábyrgð í starfi.

Æskilegt er að geta verið gagnrýnin(n) á sjálfa(n) sig, endurskoðað sjálfa(n) sig og vera reyna stöðugt að bæta sig sem kennara í starfi með börnum út frá þeim markmiðum sem þú vilt ná sem fagmaður ásamt því að geta sýnt umhyggju, hlýju og þolinmæði.

Mjög mikilvægt er að þú lærir hvað er best fyrir börnin, að þú hafir gaman af því að vinna með þeim og hefur ástríðu fyrir starfinu. Þegar þú hefur ástríðu á starfinu smitar það út frá sér til annarra starfsmanna, barna og foreldra. Þú hrífur aðra með þér.

Fagmaður er góð fyrirmynd annarra og það er meðal annars í sér að sýna gott fordæmi og sýna fagleg vinnubrögð í starfi með börnum og fullorðnum. Mynd 21 sýnir fagmennsku starfsmanns þegar hann beygir sig í hæð barnsins þegar hann talar við það.

Fagmaður kemur fram við starfsfólk á jafningjagrundvelli. Það er mikilvægt fyrir fagmann að hafa í huga að mikið valdaójafnvægi er á milli hans og barna. Hinn fullorðni er sá sem ræður, ef á reynir, og hann hefur völdin. Ef þú kemur fram við alla – hvort sem um er að ræða fullorðna eða börn – af virðingu og mætir þeim á jafningjagrundvelli munu allir bera aukna virðingu fyrir þér og samvinnan verður betri.

Umhyggja og virðing er lykilatriði til að ná góðum árangri í kennslu og námi barna



Mynd 19. Gleðistund (Ljósm. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2015).

Starfsfólk á leikskóla þarf að geta sýnt umburðarlyndi og virðingu, verið heiðarlegt, umhyggjusamt og vita hvernig það á að koma fram við börn í daglegum félagslegum athöfnum.

Umhyggja og virðing

Umhyggja starfsfólks fyrir börnum er einn mikilvægasti þátturinn í leikskólastarfi. Umhyggja er grundvöllurinn fyrir því að börnum líði vel og að þau finni að kennarinn sé til staðar fyrir þau ef þau þurfa á að halda og þá finna þau einnig til öryggis. Umhyggja fyrir börnum tryggir að við sýnum þeim virðingu og ýtum undir sjálfstraust þeirra. Það er yndislegt og gefandi að finna gleði og vellíðan hjá börnum og þegar þau eru glöð smitar það út frá sér og þú brosir með þeim (mynd 22).

Þegar þú finnur að ástríða þín fyrir starfinu með börnum minnkar er gott að gera allt sem þú getur til að finna hana aftur. Það er til dæmis hægt með því að fara á námskeið tengt starfinu, skoða hvað aðrir leikskólar eru að gera og fá hugmyndir, tala við starfsfólk og aðra kennara um starfið og skoða það saman og ræða.

Fagmennska í kennarastarfi samtvinnar í raun allt það sem komið hefur fram í þessari handbók. Það er skylda okkar sem vinnum með börnum að gera okkar allra besta til að veita börnum góða kennslu, gefa þeim gott veganesti út í lífið og stuðla að því að þau hafi sjálfstraust og líði vel því að þau eru framtíðin.

Heimildaskrá

Réttindi barna

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum*.

Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok_leikskola.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: höfundur. Sótt 5. febrúar 2018 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013. Sótt þann 17. nóvember 2018 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013019.html>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Skóli án aðgreiningar

Reykjavíkurborg. (2012). *Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur í grunnskólum*. Sótt þann 7. Mars 2018 af

http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf

Hafðís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2009). Látum þúsund blóm blómstra: Stefnumörkun um skóla án aðgreiningar. *Uppeldi og menntun*, 18(1), 61-77.

Fjölmenningarlegt skólastarf

Chumak-Horbatsch, R. (2010). Toronto childcare centres: A language profile. Í B. Bokus (ristjóri), *Studies in the psychology of language and communication* (bls. 289-307). Warsaw: Matrix.

Chumak-Horsbatsch, R. (2008). Early bilingualism: Children of immigrants in an English-language childcare centre. *Psychology of Language and communication*, 12(1), 3-27. Sótt af https://www.ryerson.ca/mylanguage/images/Early_Bilingualism_Chumak.pdf

Hagstofa Íslands. (2017). Starfsfólk í leikskólum eftir menntun 1998–2017. Sótt 14. október 2017 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__1_IsStarfsfolk/SK001303.px/

Lýðræði í leikskólastarfi

Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2016). Leikskóli til lýðræðis: Hlustað á raddir barna og þau studd til áhrifa í daglegu lífi – samstarfsrannsókn. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum: Námssvið leikskóla og grunnþættir menntunar* (bls. 123-153). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.

Kristín Dýrfjörð. (2006). Lýðræði í leikskólum: Um viðhorf leikskólakennara. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2006/009/index.htm>

Laevers, F. og Declercq, B. (2018). How well-being and involvement fit into the commitment to children's rights. *European Journal of education. Research, development and policy. Learner agency at the confluence between rights-based approaches and well-being*, 53(3), 325-335. Sótt af <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/ejed.12286>

Að læra og leika sér

Lillemyr, O. F. (2009). *Taking play seriously. Children and play in early childhood education- an exiting challenge*. Oslo: Universitetsforlaget.

Corsaro, A. W. (2003). *We are Friends, Right? Inside kids' Culture*. Washington, D.C.: Joseph Henry Press.

Csikszentmihalyi, M. (2014). *Flow and the foundations of positive psychology. The collected works of Mihaly Csikszentmihalyi*. Claremont, C.A.: Springer.

Wasik, A.B. og Jacobi-Vessels, J.L. (2016). Word Play: Scaffolding language development through child-directed play. *Early childhood education journal*, 45(6), 769-776. Sótt af <https://link.springer.com/article/10.1007/s10643-016-0827-5>

Wood, E. (2013). *Play, learning and the ealy childhood curriculum* (3. útgáfa, bls.1-20; 68-122). London: SAGE.

Málörvun í leikskóla

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). Málþroski leikskólabarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjöggra og fimm ára aldurs. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf>

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2013). *Lesið í leik: Læsisstefna leikskóla*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/L_sisstefna_0.pdf

Brooks, J. P. Og Kempe, V. (2012). *Language development*. Í Martyn Barrett (ritstjóri). Chichester, West Sussex: Wiley-Blackwell.

Sköpun barna í leikskólastarfi

Cremin, T., Burnard, P., og Craft, A. (2006). Pedagogy and possibility thinking in the early years. *Thinking skills and creativity*, 1, 108 – 119. Sótt af <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S1871187106000290?via%3Dihu>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 5. feb 2018 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>

Rinaldi, C. (2006). Creativity as a quality of thought. Í C. Rinaldi (höfundur), *In Dialog with Reggio Emilia: Listening, researching and learning* (bls. 111-120). London: Routledge.

Skráningar

Carr, M. (2011). Young children reflecting on their learning: Teachers' conversation strategies. *Early Years*, 31(3), 257–270. Sótt á slóðina <https://www.tandfonline.com/doi/pdf/10.1080/09575146.2011.613805?needAccess=true>

Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood settings: Learning stories* (bls. 29-47; 92-174). London: Paul Chapman.

Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2015). Námssögur: námstæki til að meta áhuga, virkni og líðan barna í leikskóla. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/008.pdf>

Fagmennska kennara

Brock, A. (2006). *Dimensions of early years professionalism - attitudes versus competences?* Sótt af <http://tactyc.org.uk/pdfs/Reflection-brock.pdf>

Day, C. (2004). *A passion for teaching* (bls. 24-43). London: Routledge Falmer.

Fullan, M. og Hargreaves, A. (2016). *Bringing the profession back in: Call to action*. Oxford, OH: Learning Forward. Sótt á slóðina <https://learningforward.org/docs/default-source/pdf/bringing-the-profession-back-in.pdf>

Osgood, J. (2006). Deconstructing professionalism in early childhood education: resisting the regulatory gase. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 7(1), 5-14. Sótt af <https://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.2304/ciec.2006.7.1.5>

Myndaskrá

Mynd 1 Útileiksvæði barna í Brighton (Þóra S. Guðmannsdóttir, 2017).	2
Mynd 2 Heimurinn minn (Ljósmyndari Þóra S. Guðmannsdóttir, 2018).	4
Mynd 3 Molta við leikskóla (Ljós. Ókunnur).	5
Mynd 4 Ljón, teiknað af 6 ára barni (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2017).	5
Mynd 5 Tvö börn af erlendum uppruna að teikna saman (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).	6
Mynd 6 Góðan daginn og Velkomin á 8 tungumálum þegar gengið er inn á deild (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).	7
Mynd 7 Börn að kanna ólíka hluti (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2016).	8
Mynd 8 Börn að leik í einingakubbum (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2016).	9
Mynd 9 Börn að leik í „holukubbum" (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).	10
Mynd 10 Börn læra hvert af öðru og hjálpast að (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).	11
Mynd 11 Börn að leik í einingakubbum. (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2016).	11
Mynd 12 Börn í hlutverkaleik (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2016).	12
Mynd 13 Bækur í hæð barna (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2017).	13
Mynd 14 Teikning eftir 5 ára barn að æfa sig í að skrifa tölustafina (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2017).	13
Mynd 15 Kúlulistaverk eftir 4 ára barn (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019)	14
Mynd 16 Listaverk eftir barn (Ljós. Þórar S. Guðmannsdóttir, 2019).	14
Mynd 17 Barn með sitt listaverk úr kubbum (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).	15
Mynd 18 Barn að mála sitt listaverk og fær frelsi til þess (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).	15
Mynd 19 Einingakubbar (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2019).	16
Mynd 20 Barn að athuga getu sína í að klifra (Þóra S. Guðmannsdóttir, 2017).	17
Mynd 21 Kennari beygir sig í hæð barnins (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2015).	20
Mynd 22 Gleðistund (Ljós. Þóra S. Guðmannsdóttir, 2015).	21